

AUGLÝSING

um niðurfellingu auglýsingar nr. 85/1982 um skilyrði
fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Auglýsing nr. 500 10. desember 1982 um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi er felld úr gildi frá og með 1. febrúar 1985 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 35/1985 um bann við
línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frá og með 2. febrúar 1985, uns annað verður ákveðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°04'30"N — 24°21'00"V
2. 65°07'00"N — 24°42'00"V
3. 65°19'00"N — 24°36'00"V
4. 65°07'15"N — 24°01'30"V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. janúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Eyþórsson.